

ERINDISBRÉF

fyrir yfirkennara grunnskóla.

1. gr.

Yfirkennari skal gegna starfi sínu samkvæmt lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma. Yfirkennara er skylt að gæta algerrar þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna og önnur trúnaðarmál skóla. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

2. gr.

Þegar yfirkennari gegnir starfi skólustjóra sem staðgengill hans gildir erindisbréf skólustjóra. Með sama hætti gilda sömu reglur og eru í erindisbréfi fyrir kennara um kennslustarf yfirkennara og samskipti hans við nemendur.

3. gr.

Yfirkennari vinnur undir stjórn skólustjóra og skal hann m. a. vinna eftirtalin störf samkvæmt nánara samkomulagi við skólustjóra:

1. Í samstarfi við skólustjóra stjórnar hann daglegu starfi skóla.
2. Yfirkennari sinnir sérstökum verkefnum í samvinnu við skólustjóra.
3. Yfirkennari mætir á fundum sem staðgengill skólustjóra s. s. í fræðsluráði og hjá skólanefnd.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar yfirkennara að fenginni umsögn skólustjóra, kennararáðs og skólanefndar. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

Yfirkennara við heimavistar skóla skal ekki skipa í stöðu fyrr en eftir tveggja ára reynslu við störf í slíkum skóla.

5. gr.

Forfallist skólustjóri gegnir yfirkennari starfi hans á meðan og gildir erindisbréf skólustjóra þá um starf hans.

6. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. ágúst 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð aldraðra, útgefin á venjulegan hátt, að mandatunum, af dómsmálaráðherra 20. júní 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð aldraðra.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og nafn hans Styrktarsjóður aldraðra. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.